

Nordplus fullorðins- fræðsla



Starfar þú við fullorðinsfræðslu? Langar þig að taka þátt í verkefnum sem unnin eru þvert á landamæri? Nordplus Voksen býður styrki til mannaskipti og –verkefnavinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Nám og þjálfun fyrir kennara, starfsfólk og nemendur

Stofnanir geta sent kennara, starfsfólk og nemendur í fullorðinsfræðslu í kennara-, starfsmanna- eða nemendaskipti til norrænnar samstarfsstofnunar eða samstarfsstofnunar í Eystrasaltsríki. Tilgangurinn er að þróa nýja starfsfærni og -hæfni og til að fá innsýn í aðra menningu og kennsluhefðir.

Slíkar ferðir geta verið námsdvöl hjá öðrum menntastofnunum eða starfsþjálfun hjá

fyrirtækjum. Kennarar eða aðrir starfsmenn geta einnig tekið þátt í þjálfunarnámskeiðum eða námi eða kennaradvöl hjá samstarfsstofnun. Bæði er hægt að sækja um fyrir einstaklinga og hópa.

Styrkir eru einnig veittir til undirbúningsheimsóknna sem miða að því að skipuleggja og undirbúa verkefni eða umsóknir vegna næsta umsóknarfrests.

Formlegar kröfur

Styrkir: Föst upphæð er veitt vegna ferða og uppihalds.

Verkefnatími: 1 ár.

Lengd dvalar: a.m.k. fimm vinnudagar (nema þegar um undirbúningsferðir er að ræða).

Samstarfsaðilar: minnst tvær stofnanir frá tveimur norrænum ríkjum eða Eystrasaltsríkjum.

Umsóknarfrestir: 1. febrúar og 1. október (októberfrestur er einungis vegna undirbúningsferða).

Tengslanet og þróunarverkefni

Nordplus Voksen styrkir tengslanet sem hafa það að markmiði að mynda ný, varanleg tengsl og samstarf um fullorðinsfræðslu á öllum sviðum. Tengslanetin verða að snúast um sameiginlegt þema, málafni og/eða áskoranir.

Nordplus Voksen styrkir einnig þróunarverkefni sem þróa ný námskeið, form, aðferðir, efni o.fl. sem miða að því að bæta gæði fullorðinsfræðslu og koma til móts við nýjar þarfir á sviðinu.

Áætlunin styrkir einnig yfirlitsverkefni sem miða að því að safna, benda á og greina þekkingu sem til staðar er í fullorðinsfræðslu. Markmiðið er að skrá og skilgreina þróunarþarfir og koma með tillögur að aðgerðum til framtíðar. define development needs and make recommendations for future initiatives.

Formlegar kröfur

Styrkir: Föst upphæð (einingarverð) fyrir verkefnisstýringu og innleiðingu, þýðingar, verkefnisfundi og þróunarvinnu (aðeins fyrir þróunar- og kortlagningarverkefni).

Verkefnistími: 1 – 3 ár.

Samstarfsaðilar: minnst þrjár stofnanir frá þremur norrænum/ Eystrasaltsríkjum.

Umsóknarfrestur: 1. febrúar.

Nordplus Voksen

Nordplus Voksen veitir 1.1 milljón evra í styrki til verkefna sem tengjast fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Styrkirnir eru fyrir alla sem vinna að fullorðinsfræðslu hvort heldur um er að ræða formlega eða óformlega fræðslu, og nær bæði til almennrar- og starfsmenntunar.

Áætluninni er ætlað að vera hvati til þróunar fullorðinsfræðslu með því að veita styrki til námsferða, tengslaneta og verkefnasamstarfs. Til þess að eiga möguleika á styrk, verða verkefni að bæta gæði fullorðinsfræðslu, koma til móts við þarfir nýrra nemenda eða prófa nýjar leiðir og aðferðir. Engin sérstök forgangsatriði eða markmið eru skilgreind heldur er áætlunin opin öllum þeim sem byggja á áskorunum og þörfum innan sviðsins.

Markhópar


Nordplus Voksen áætlunin er opin öllum gerðum stofnana sem starfa að fullorðinsfræðslu þar með talið:

menntastofnunum og rannsóknastofnunum með reynslu af og þekkingu á fullorðinsfræðslu

öðrum stofnunum eins og samtökum, opinberum aðilum, fyrirtækjum, menningarstofnunum og sjálfstæðum stofnunum sem vinna við fullorðinsfræðslu á formlegan/ óformlegan hátt.

Frekari upplýsingar: www.nordplusonline.org - Hvernig sótt er um.

Lönd sem eiga aðild að Nordplus



- | | | |
|------------|---------------|------------|
| ● Grænland | ● Noregur | ● Finnland |
| ● Ísland | ● Svíþjóð | ● Litháen |
| ● Færeyjar | ● Danmörk | ● Lettland |
| | ● Ålandseyjar | ● Eistland |

Um Nordplus

Nordplus áætlunin er stærsta menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin hefur árlega 9,3 milljónir evra til umráða til að styrkja mannaskipti, verkefni og tengslanet á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Nordplus áætlunin skiptist í fimm undiráætlanir sem í sameiningu taka á allri menntun frá leikskóla og grunnskóla til æðri menntunnar og fullorðinsfræðslu.

Frekari upplýsingar um Nordplus þar sem einnig má nálgast umsóknareyðublöð eru á vefsíðunni nordplusonline.org. Ef þörf er fyrir frekari leiðbeiningar eða upplýsingar er velkomið að hringja í okkur eða senda okkur tölvupóst.

nordplusonline.org/contact

 Nordplus